

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1457*  
*komudagur 22.3.2004*



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 17. mars 2004

**Efni: Frv. til innheimtulaga (223. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmiðið sé að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Frumvarpinu er jafnframt ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum á frumstigi, áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur. Frumvarpið tekur ekki til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga. Kostnaður skuldara við innheimtu á frumstigi, svo notuð séu orð frumvarpsins, er ekki mjög hár miðað við þann kostnað sem ríkið innheimtir hjá skuldurum í formi gjalda fyrir fullnustugerðir, sbr. II. kafli laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs. Það verður því ekki séð að frumvarp þetta nái því markmiði sínu að draga úr kostnaði skuldara af vanskilum, nema um leið verði gerð breyting á áður nefndum II. kafla laga nr. 88/1991, til hagsbóta fyrir skuldara.

Verslunarráð vill gera athugasemdir við ákveðnar greinar frumvarpsins, ásamt því að koma með breytingartillögur.

### **1. gr. gildissvið**

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, ~~innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu umdeilda peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.~~ fram að útgáfu stefnu eða birtingu greiðsluáskorunar á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Í stað þess að undanþiggja innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu á umdeildum peningakröfum, þar sem þörf er á sérfræðilegri ráðgjöf, væri nær að einskorða gildissvið laganna við innheimtu á frumstigi, það er fram að útgáfu stefnu eða birtingu greiðsluáskorunnar.

Rök fyrir þessari leið eru þau að innheimta á grundvelli réttarfarslaga er hvort sem er undanskilin og þar sem höfða þarf mál til innheimtu skuldar eru það dómstólar sem ákveða þóknun lögmannna. Telja verður fremur ólíklegt að á slíkt myndi þurfa að reyna, þar sem það hefur aukna vinnu í för með sér fyrir viðkomandi lögmann og dómstólar myndu dæma þóknun í samræmi við hagsmuni málsins.

Hvenær er peningakrafa umdeilanleg og þörf á sérfræðilegri ráðgjöf? Ákvæði sem þetta er til þess fallið að valda deilum og geta endað með auknum kostnaði fyrir skuldara og því nær að fara áðurnefnda leið við afmörkun gildissviðs laganna.

#### 4. gr. veiting innheimtuleyfis

Ekki eru gerð nein fagleg hæfisskilyrði hvorki varðandi menntun né reynslu. Telja verður að ef tryggja á rétt skuldara sé rétt að gera þá kröfu til þeirra sem hafa atvinnu af innheimtu að þeir hafi lágmarks þekkingu á sviði kröfuréttar.

#### 6. gr. Góðir innheimtuhættir

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

~~Innheimtuaðilar skulu setja sér eigin verklagsreglur og gjaldskrá. Ósanngjarnar kröfur um innheimtulaun teljast m.a. til slæmra innheimtuhátta. Það brýtur jafnframt gegn góðum innheimtuháttum að beita skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni, óþægindum eða hótunum eða breiða út persónulegar upplýsingar um þá.~~

Þeir sem beita slíkum aðferðum sem nefndar eru í frumvarpinu eru svokallaðir „handrukkarar“ og starfa utan laga og réttar í dag og munu ekki sækja um innheimtuleyfi samkvæmt 4. gr. til viðskiptaráðherra. Ekki er þörf á að setja í lög að það falli ekki undir „góða innheimtuhætti“ að brjóta lög um friðhelgi heimilisins og persónuvernd.

Rétt væri að endurskoða þessa grein og láta hana koma í stað 12. gr. um gjaldskrár frá ráðherra.

*Póstáritun:*  
Verzlunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

## 12. gr. Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar

~~Viðskiptaráðherra skal í reglugerð ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að kröfja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.~~

Verslunarráð telur að fella eigi þessa grein niður og láta fyllri 6. gr. koma í staðinn til að tryggja rétt skuldara. Það má gera með því að innheimtuaðilar birti gjaldskrá sína og vinni eftir fyrirfram skilgreindum verkferlum. Góðir innheimtupættir hjóta að felast í að vinna eftir fyrirfram ákveðnum verkferlum. Gera mætti kröfu um að innheimtuaðilar skilgreini slíka starfsferla og að þeir væru hluti af þeim gögnum sem þyrftu að fylgja með umsókn um starfsleyfi. Verkferlar innheimtuaðila þurfa hinsvegar ekki endilega að vera öllum aðgengilegir, þar sem það gæti hugsanlega leitt til þess að skuldari dragi úr hófi að bregðast við.

Óbreytt 12. gr. getur leitt til þess að innheimtuaðilar noti lögin til hins ýtrasta og gangi eins langt og „hratt“ til verka og heimilt er, til að tryggja þóknun fyrir vinnu sína í samræmi við það sem ráðherra hefur lagt. Í stað þess að fara eftir eigin gjaldskrá, sem væri opin og öllum aðgengileg. Kröfuhafar gætu þannig valið innheimtuaðila á ábyrgan hátt. Það er ekki til hagsbóta fyrir kröfuhafa að vera með viðskipti sín hjá innheimtuaðilum sem fara offari í gjaldtöku, slíkt fælið viðskiptavini frá skuldurum sem og innheimtuaðilum. Þannig má segja að opin og frjálts viðskipti stuðli betur að hagsmunum skuldara en blessun ráðherra.

## 7. gr. Innheimtuviðvörðun

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það sé að meginstefnu til kröfuhafi sjálfur sem sendi skuldara innheimtuviðvörðun. Það er augljóst að það verður sumum kröfuhöfum ofviða að annast sjálfir gerð slíkra innheimtuviðvarana. Nægir þar að nefna dráttarvaxtaútreikning. Til þess að fullnægja ströngum kröfum 7. gr. frumvarpsins gætu því margir neyðst til að leita sérfræðiaðstoðar, en þyrftu síðan sjálfir að sitja uppi með kostnaðinn af því. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að kröfuhafinn sjálfur verði að bera ábyrgð á greiðslu slíks sérfræðikostnaðar, þ.e.a.s. svo fremi sem hann fari upp fyrir lágmarkskostnað. Slík lagaregla stangast á við þau undirstöðurök um skaðleysi kröfuhafa af vanefndum sem áratuga gamlar lagareglum um málskostnað og dómvenjur um innheimtukostnað eru reistar á.

Í greinargerð kemur fram að ef greiðsluáskorun sé send beint þá eigi 7. gr. ekki við, sé hinsvegar sent fyrst innheimtubréf þá eigi 7. gr. við.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Þessi leið kallar á þá hættu að birt sé beint greiðsluáksorun, í stað þess að senda fyrst innheimtubréf, til að tryggja þóknun fyrir innheimtuna. Þar af leiðandi getur skuldari staðið frammi fyrir harðari innheimtuaðgerðum heldur en í dag. Langflest fyrirtæki senda viðskiptamönnum sínum innheimtuviðvaranir, þótt þær séu ekki svo formbundnar sem 7. gr. frumvarpsins áskilur, áður en kröfur eru sendar til innheimtu. Yfirleitt er þetta gert án þess að sérstakt gjald sé innheimt fyrir. Verði frumvarpið að lögum má ætla að þessi fyrirtæki aðlagi viðvaranir sínar að því formi sem frumvarpið gerir ráð fyrir og innheimti fyrir það gjald fyrir innheimtuviðvörðun, sem viðskiptaráðherra ákveður, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum er hætt við að kostnaður skuldara vegna vanskila aukist og að meginmarkmið frumvarpsins, að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara, snúist upp í andhverfu sína.

Einnig má benda á að rétt gæti verið að innheimtuviðvörðun megi ekki vera eldri en t.d. 6 mánaða, til að tryggja að þegar „gamlar“ kröfur eru sendar í innheimtu að þá sé send ný innheimtuviðvörðun.

### **11. gr. Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar**

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörðunar, sbr. 12. gr. ~~Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörðunin þjóni ekki tilgangi sínum.~~

Ekki verður séð af þessari grein að skuldari sé gerður ábyrgur fyrir innheimtukostnaði. Ákvæðið um að kröfuhafi/innheimtuaðili hafi brotið gegn 7. gr. þannig að viðvörðun þjóni ekki tilgangi sínum er fallið til þess að valda ágreiningi. Ekkert kemur fram í greinargerð hvað felist í orðunum „að viðvörðun þjóni ekki tilgangi sínum“. Nægjanlegt er að viðvörðun sé sannanlega send, skuldari ber hallann af því að hún misfarist, þannig að ekki verður séð að þetta ákvæði geti gengið upp.

### **13. gr. Þagnarskylda**

Í þessari grein ætti jafnframt að fram að miðlun upplýsinga úr gagnagrunni innheimtuaðila sé ekki heimil, það er að miðla upplýsingum um greiðslusögu viðkomandi, þegar ekki er um aðfararhæfar kröfur að ræða.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

#### 14. gr. Starfsábyrgðartrygging

Gert er ráð fyrir að innheimtufyrirtæki, sem lögmenn eiga ekki aðild að, verði nú sett við sama borð og lögmenn sem stunda innheimtustörf. Lögmenn hafa hingað til ekki búið við sömu samkeppnisstöðu og innheimtufyrirtæki. Á lögmönnum hefur hvílt sú skylda að vera með fjárvörslureikninga og starfsábyrgðartryggingar, en innheimtufyrirtæki hafa ekki verið skylduð til þess. Verslunarráð telur það jákvætt að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi aðstöðumunur verði jafnaður með því að leggja þá skyldu á alla innheimtuaðila að þeim beri að kaupa sér starfsábyrgðartryggingu og hafa fjárvörslureikning (10. gr. frumvarpsins).

#### 18. gr. Reglugerðarheimild

Greinin þarfnast mun betri skýringa og gæti jafnvel verið óþörf ef felld verður út heimild/skylda ráðherra til að setja gjaldskrá vegna laganna.

#### 19. gr. Gildistaka

Innheimta peningakröfu er hluti af reglulegri starfsemi lögmanna og alls ekki nauðsynlegt að ráðherra samþykki gjaldskrá þeirra. Fari menn offari í gjalddöku er hægt að kæra þá til Lögmannafélagsins og ætti það að tryggja hagsmuni skuldara á fullnægjandi hátt.

Samkvæmt frumvarpinu má þó ekki leggja að jöfnu þjónustu lögmanna og annarra innheimtuaðila, þar sem hæfisskilyrði eru allt önnur sem og þjónusta. Lögmenn starfa eftir siðareglum lögmanna og veita faglega ráðgjöf. Ekki er því hægt að ætlast til þess að lögmenn falli undir gjaldskrá ráðherra. Jafnframt má benda á að oftast ákvarða dómstólar þóknun lögmanna þar sem flest skuldamál þurfa að fara fyrir dóm.

Það virðist sem neytendaverndin í frumvarpinu miðist fyrst og fremst við hagsmuni skuldara sem neytenda en ekki hagsmuni kröfuhafa sem neytenda. Reglur frumvarpsins setja kröfuhöfum ákveðnar skorður við innheimtu á gjaldföllum kröfum sínum hjá skuldurum. Þessum gagnstæðu hagsmunum skuldara og kröfueigenda eru ekki gerð þau skil að glögglega megi sjá rök til þess að setja þær skorður við rétti kröfueigenda, sem reglur frumvarpsins fela í sér. Þá er ljóst að ef frumvarpið verðum að lögum í þessari mynd, muni það auka mjög fyrirhöfn og skriffinnsku, án þess að réttlætning sé nægilega skýrð. Það verður að hafa í huga að kröfuhafar geta verið einstaklingar og fyrirtæki, jafnt stór sem smá.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

*Sigbrúður Ármann*

Sigbrúður Ármann